

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Fjarfundur var haldinn í samstarfsnefnd Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 26. Janúar 2021.

Fulltrúar LSS var: Hermann Sigurðsson og Magnús Smári Smáráson.

Fulltrúar SNS voru: Ellisif Tinna Víðisdóttir, Harpa Ólafsdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Reglur um boðtæki skv. 2. mgr. gr. 1.3.2.1

LSS lagði fram tillögu að vinnureglum við mat á tjóni á persónulegum munum og boðtækjum.

Niðurstaða:

SNS tekur þessar tillögur til skoðunar.

2. Hlutastarfandi slökkviliðsmenn

Samstarfsnefndin er sammála að hefja úrvinnslu á efni bókarinnar 3 með gildandi kjarasamningi og hljóðar svo:

BÓKUN 3 [2020]

14. kafli um hlutastarfandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn

Með reglugerð um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018 er gerð grundvallarbreyting á starfsemi slökkviliða. Samningsaðilar eru sammála um að aðlaga kjarasamninginn að þeim skipuagsbreytingum og þeim kröfum sem reglugerðin gerir til starfa slökkviliðsmanna. Frá og með 1. janúar 2022 fellur 14. kafli úr kjarasamningi aðila án frekari uppsagnar.

Frá þeim tíma skulu allir slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn vera ráðnir í starfshlutfall og taka laun samkvæmt starfsmati. Slökkviliðsstjórar og varaslökkviliðsstjórar eru launasettir samkvæmt ákvæðum í fylgiskjali 4. Um réttindi og skyldur þeirra fer að öðru leyti samkvæmt kjarasamningi þessum.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin er sammála að skrifa minnisblað þar sem áhyggjur aðila varðandi seinkun á endurskoðun reglugerðarinnar eru áréttaðar og dregin fram sá ómöguleiki varðandi rekstur slökkviliða sem reglugerðin inniheldur í dag.

3. Fræðslumál

BÓKUN 5 [2020]

Fræðslumál

Aðilar eru sammála um að gera sérstakt átak í fræðslumálum slökkviliðsmanna til styðja við innleiðingu og framkvæmd reglugerðar um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018. Markmið aðila er bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi félagsmanna LSS. Liður í þessu átaki er að efla starfsmenntunarsjóð LSS. Aðilar munu einnig fara í sameiginlega endurskoða á 10. kafla kjarasamnings með sérstaka áherslu á símenntun og viðbótarmenntun slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Samstarfsnefnd SNS og LSS hefur frumkvæði í verkefninu. Vinnu þessari skal lokið fyrir 1. apríl 2021 og gildir breyttur 10. kafli frá og með þeim tíma.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin ræddi bókunina og hefur hana til áframhaldandi vinnslu.

4. Stytting vinnutíma í dagvinnu og vaktavinnu

Aðilar eru sammála um að hefja undirbúning að innleiðingu styttingu vinnutíma slökkviliðsmanna í vaktavinnu. Stofna þarf innleiðingarhópa og hefja samtal og undirbúning. Þegar hefur verið bókaður fyrsti undirbúningsfundur aðila með verkefnastjóra.

5. Sálrænn stuðningur

BÓKUN 14 [2020]

Sálrænn stuðningur

Aðilar eru sammála um að vinna áfram samkvæmt samkomulagi aðila um sálrænan stuðning sem undirritað var á 6. september 2018 og koma fjármögnun verkefnisins í tryggan farveg. Samstarfsnefnd aðila er falið verkefnið.

Niðurstaða:

Bókunin rædd og fer til áframhaldandi vinnslu samstarfsnefndar.

6. Undanþága frá sjúkraflutningum

Fulltrúar LSS lögðu fram erindi varðandi undanþágu frá sjúkraflutningum vegna 50 ára reglunnar og framkvæmd hennar.

Niðurstaða:

Fulltrúar SNS skoða málið fyrir næsta fund.

7. Sérstakar álagsgreiðslur til sjúkraflutningamanna vegna Covid-19

Fulltrúar LSS fóru fram á að sjúkraflutningamönnum yrði greitt álag til samræmis við greiðslur ríkisins vegna Covid-19.

Niðurstaða:

Fulltrúar SNS höfnuðu erindinu.

Fleira ekki gert og fundið slitið.